



Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Reykholar, 27. mars 2026

Efni: **Slit á Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.**

Eins og kunnugt er urðu breytingar í þjónstu sveitarfélaga á Vestfjörðum í málefnum fatlaðs fólks í lok árs 2023, þegar Ísafjarðarbær tók við sem leiðandi sveitarfélag í málaflokknum. Öll aðildarsveitarfélög Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) eru aðilar í hinu nýja fyrirkomulagi. Síðan þessi breyting varð hefur ekki verið veitt þjónusta á vegum BsVest og engin eiginleg starfsemi verið á vegum byggðasamlagsins. Unnið hefur verið að uppgjöri vegna byggðasamlagsins sem er nú á lokametruðunum og verður það kynnt aðildarsveitarfélögunum fljótlega eftir páska.

Í ljósi þessa telur stjórn BsVest rétt að byggðasamlaginu verði slitið í samræmi við 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og hefur falið formanni að kalla eftir afstöðu aðildarsveitarfélaganna til tillögu þess efnis. 3. mgr. 95. gr. sveitarstjórnarlaga er svohljóðandi.:

Tillaga um að starfsemi byggðasamlags sé hætt nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest af ²/3 hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins. ²/3 hlutar stjórnarmanna í byggðasamlagi eða ²/3 hlutar fulltrúa á aðalfundi byggðasamlags, sé slíkur fundur haldinn, geta krafist atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga um slit byggðasamlags.

Með vísan í ofangreint er því hér með óskað eftir því að sveitar- og bæjarstjórnir aðildarsveitarfélaga BsVest taki til formlegrar afgreiðslu þá tillögu stjórnar BsVest að starfsemi byggðasamlagsins verði hætt og því slitið.

Þessu er hér með komið á framfæru um leið og óskað er eftir því að erindið verði tekið til afgreiðslu eins fljótt og við verður komið.

Virðingarfyllt,
f.h. Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Ólafur Þór Ólafsson
formaður stjórnar BsVest